

Kalt vatn í Vogum (nýrri hola, dæla 2),  
Vatnsleysuströnd

**Guðrún Sverrisdóttir**

**Greinargerð GSv-92-03**

Kalt vatn í Vogum (nýrri hola, dæla 2), Vatnsleysuströnd.

Tafla 1. Efnasamsetning vatns (mg/l).

Dagsetning	91-01-22
Númer	91-9001
Hiti (°C)	5,0
Sýrustig (pH/°C)	7,64/23
Kísill (SiO <sub>2</sub> )	15,6
Natríum (Na)	94,5
Kalíum (K)	2,7
Kalsíum (Ca)	20,9
Magnesíum (Mg)	16,3
Brennist.vetni (H <sub>2</sub> S)	0
Karbónat (CO <sub>2</sub> )	15,3
Súlfat (SO <sub>4</sub> )	23,3
Flúoríð (F)	0,04
Klóríð (Cl)	198
Brómíð (Br)	0,65
Nítrat (NO <sub>3</sub> )	0,31
Súrefni (O <sub>2</sub> )	9
Uppleyst efni	440

Efnasamsetning þessa vatns er nokkuð óvenjuleg. Það inniheldur mikið af uppleystum efnum miðað við venjulegt kalt vatn, og virðist ekki vera í jafnvægi við bergið sem það rennur um. Þetta er sennilega grunnvatn blandað svolithum sjó. Klóríðstyrkur er það hár að vatnið er á mörkum þess að vera neysluhæft. Hlutföll efna eru þó ekki þau sömu og í sjó, natríum er hlutfallslega lægra, en kalsíum og magnesíum eru hlutfallslega hærri.

Þetta vatn kynni að valda erfiðleikum við nýtingu. Þar sem vatnið er ekki í jafnvægi, gæti innstreymi sjávar í vatnsbólíð verið breytilegt og hætta á að það ykist við dælingu. Þessi væga selta sem mælist í vatninu finnst ekki á bragði, en hún gæti örvað tæringu í lögnum, einkum ef seltan er breytileg. Vatnið er mettað af súrefni og sýrustig er fremur lágt, og getur því verið mjög tærandi.

Áður en hugað er að nýtingu vatnsins væri rétt að dæla upp úr holunni nokkurn tíma til að kanna hvort innstreymi salta vatnsins er stöðugt.